

## **424. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga 21. nóvember 2017, kl. 13:00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.**

*Þessir sátu fundinn:*

Ólafur Friðriksson, starfandi formaður, Arnar Árnason formaður LK, Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur FJR, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Þá voru mætt Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu MAST, Sigurður Eyþórsson, frkvstj. BÍ og Oddný Steina Valsdóttir formaður LS, ásamt Arnari Frey Einarssyni ANR og Elísabetu Önnu Jónsdóttur ANR.

Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Í upphafi fundar kom fram ósk um að formaður LS sæti fundinn og greiddi atkvæði fyrir hönd BÍ eftir því sem við á. Samþykkt.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og var hún samþykkt.
2. Lagðir voru fram til staðfestingar ullarstuðlar og gæðastýringarstuðlar fyrir árið 2018, en þeir höfðu áður verið samþykktir með tölvupósti. Tillagan var sú að umræddir stuðlar yrðu óbreyttir frá árinu 2017. Tillagan var staðfest.
3. Minnisblað frá Búnaðarstofu MAST. Í minnisblaðinu kom m.a. fram að tvær umsóknir bárust um stuðning við lífræna ræktun 2017, ein samþykkt, einni hafnað. Eftirstöðvar stuðningsgreiðslna nema 31,8 m.kr. eftir árið. Umræður um ástæður fárra umsókna og hvernig skuli nýta eftirstöðvarnar. Fulltrúar ríkisins munu kanna hvort unnt sé að færa fjármuni yfir á næsta ár. Þá var ákveðið að yfirfara hvort endurskoða þurfi reglur um fyrirkomulag stuðnings um lífræna ræktun.
4. Álag á mjólkurframleiðslu í geitfjárrækt 2017. Fram kom að MAST er að safna upplýsingum um innlegg geitamjólkur sem ætti að liggja fyrir á næsta fundi. Þá var upplýst að MAST hefur þegar greitt gripagreiðslur vegna geitfjárræktar en um 100 aðilar fá greiðslur.
5. Fjárfestingastuðningur og úreldingabætur í svínarækt 2017. Fimm umsóknir um fjárfestingastuðning bárust og fimm um úreldingabætur. Fram hefur komið að svínabændur eru áhyggjufullir um framtíðarumhverfi greinarinnar vegna ýmissa óvissuþátta. Svínabændur hafa óskað eftir að fresta afgreiðslu á báðum tegundum styrkja og vilji er af þeirra hálfu til að draga umsóknir til baka, að því gefnu að vissa fáiast um að fjármunir þessa árs geti færst yfir til næsta árs. Fram kom tillaga um að nefndin leggi til að heimila flutning fjármuna milli ára, með fyrirvara um að það sé innan lagaheimildar.
6. Greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu 2018. Um 74,8 m.kr. greiddar út á þessu ári í sláturálag og 100 m.kr. í fjármögnun á einangrunarstöð. Taka þarf ákvörðun um skiptingu milli einangrunarstöðvar og sláturálags fyrir árið 2018. Ákveðið að áætlanir

um rekstur einangrunarstöðvarinnar verði komið til nefndarinnar og málið verði afgreitt á næsta fundi.

7. Framleiðsluskylda - beingreiðslur í mjólk 2018. Á þessu ári er 90% framleiðsluskylda. LK mun funda og senda nefndinni tillögu fyrir næsta fund. Ákvörðun frestað til næsta fundar.
8. Nýliðunarstuðningur 2017. Upplýst var um forgangsöröðun eftir menntun, eignahlut og með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum varðandi nýliðunarstuðning. Umsóknir voru alls 40, 24 fóru í forgang, 12 gildar en ekki voru fjármunir til skiptana og fjórum umsóknum var hafnað. Hámarksstuðningur var 9 m.kr. og fór 46% til bænda á NV-landi. Rætt var um reynsluna við úthlutun 2017 og í því sambandi hvort æskilegt sé að breyta forgangsöröðun þannig að mat verði lagt á umsókn í heild í stað þess að horfa til eignarhlutar.
9. Fjárfestingarstuðningur í nautgriparékt 2017. Gildar umsóknir 20. nóvember 2017 eru 100 talsins, 89 af þeim hefur fengið greiddan fyrri hluta greiðslu í samræmi við reglugerð, alls að upphæð 110,3 m.kr. Samkvæmt minnisblaði sem Búnaðarstofa MAST lagði fyrir fundinn kemur einnig fram að alls hafi borist 176 umsóknir, 15 hafi verið hafnað, 22 umsóknir dregnar til baka og 39 umsóknir hafi verið felldar niður. Nefnt var hvort unnt sé að framlengja fjárfestingatímabil ársins fram í janúar/febrúar 2018, enda kom fram að víða sé erfitt að fá iðnaðarmenn og framkvæmdir geti hafa tafist.
10. Lögð voru fram drög að reglugerð um almennan stuðning við landbúnað fyrir árið 2018. Ákveðið var að senda drögin til BÍ og viðkomandi aðildarfélaga til umsagnar.
11. Lögð voru fram drög að reglugerð um stuðning við garðyrkju fyrir árið 2018. Ákveðið var að senda drögin til BÍ og viðkomandi aðildarfélaga til umsagnar.
12. Lögð voru fram drög að reglugerð um stuðning í nautgriparékt fyrir árið 2018. Ákveðið var að senda drögin til BÍ og viðkomandi aðildarfélaga til umsagnar.
13. Lögð voru fram drög að reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt fyrir árið 2018. Ákveðið var að senda drögin til BÍ og viðkomandi aðildarfélaga til umsagnar.
14. Önnur mál.

Staða sauðfjárræktar rædd, m.a. var kynnt ályktun aukafundar LS frá 19. september sl. um að stöðva nú þegar niðurtröppun beingreiðslna til bænda.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 15:40.

